



Reglur um úthlutun menningarstyrkja

1. Stjórn menningarstofu veitir árlega styrki til menningarstarfsemi.
2. Auglýst er eftir umsóknum í janúar eða febrúar ár hvert og er umsóknarfrestur að minnsta kosti þrjár vikur. Stjórnin úthlutar styrkjum fyrir lok mars.
3. Markmiðið er að styðja lista- og menningarstarfsemi og efla menningarlæsi á fjölbreyttum listgreinum í Fjarðabyggð.
4. Fjöldi styrkja og upphæðir ráðast af því fjármagni sem veitt er til stjórnarinnar við gerð fjárhagsáætlunar á hverju ári.
5. Listamenn, félagasamtök, stofnanir eða menningarviðburðir verða að tengjast Fjarðabyggð með fastri búsetu, með því að viðburðurinn fari fram í Fjarðabyggð eða feli í sér kynningu á menningarstarfsemi í Fjarðabyggð.
6. Ekki eru veittir styrkir til náms, né til reksturs eða viðhalds húsnæðis. Þá eru ekki styrkt verkefni sem njóta þegar fastra framlaga úr fjárhagsáætlunum sveitarfélagsins, hvort sem er frá Menningarstofu eða öðrum deildum þess.
7. Menningarstyrkirnir styðja ekki við bæjarhátíðir nema þá einstaka viðburði innan þeirra sem eru með sérstöðu vegna listræns gildi þeirra og skipulagðir af öðrum aðilum en þeir sem standa að baki hátíðanna. Hins vegar er gert ráð fyrir undantekningum þegar einstakir viðburðir innan bæjarhátíðar: standa sjálfstætt sem menningar- eða listviðburðir, hafa skýrt listrænt eða menningarlegt gildi, og falla að markmiðum menningarstyrkja að hverju sinni.
Þá er styrkurinn veittur til viðburðarins sjálfs, ekki til reksturs eða almennrar framkvæmdar hátíðarinnar.
8. Skilgreina þarf verkefnið í umsókn á sérstöku umsóknareyðublaði þar sem gerð er grein fyrir verkefninu eða starfsemi, verk-og tímaáætlun og annarri fjármögnun. Með umsóknareyðublaði þarf að fylgja kostnaðaráætlun, ósk um styrkupphæð og önnur gögn sem umsóknaraðili telur máli skipta.
9. Viðburðir sem ná til sem flestra og hafa einstakt listrænt gildi njóta alla jafna forgangs.
10. Fjárstuðningur getur verið allt að 75% af heildar kostnaði við verkefnið. Mótframlag umsækjenda skal vera a.m.k. 25% af heildarkostnaði verkefnis í eigin féi, annarri fjármögnun eða vinnu.
11. Stjórn Menningarstofu Fjarðabyggðar áskilur sér rétt til að hafna umsóknum. Við mat á umsóknum er tekið mið af heildarmynd úthlutunar, markmiði um að tryggja fjölbreytni í styrkveitingum, fylgja breytilegum áherslum milli ára, auk faglegs og huglægs mats nefndarinnar.



12. Styrkur fellur niður fari viðburður ekki fram og ekki eru ljósmyndum frá þeim skilaðar að viðburði loknum.
13. Fjórðungur styrkja eru almennt greiddir út áður en viðburður fer fram og restin eftir að viðburður hefur farið fram en áskilinn er réttur til að krefjast endurgreiðslu styrkja komi ekki til verkefna sem sótt er um. Styrkur er greiddur út þegar uppgjöri, samantekt og ljósmyndum frá og vegna viðburðar hefur verið skilað.
14. Styrkir eru einungis greiddir út á því ári sem þeir eru veittir og færast ekki á milli ára nema sérstaklega sé um það samið.

Með staðfestingu reglna þessara falla úr gildi reglur sama efnis.

Samþykkt í bæjarstjórn Fjarðabyggðar 5. mars 2026


Jóna Arný Þórðardóttir
bæjarstjóri